

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. febrúar 1993

**um útlit staðlaðs eyðublaðs sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 88/599/EBE
um flutninga á vegum**

(93/172/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 88/599/EBE frá 23. nóvember 1988 um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum ⁽¹⁾, einkum 6. gr,

að fengnu samþykki aðildarríkjanna í samræmi við 2. mgr. 6. gr. í tilskipun 88/599/EBE,

og að teknu tilliti til eftifarandi:

Nauðsynlegt er að ákveða útlit staðlaða eyðublaðsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 88/599/EBE og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hyggjast nota til að skiptast á upplýsingum með reglubundnu millibili sem er liður í áætlun um gagnkvæma aðstoð.

SAMPYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

1. Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 88/599/EBE skal líta út eins og fyrirmynndin í viðaukanum við ákvörðun þessa.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu nota þessi eyðublöð frá og með 1. apríl 1993.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1993

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Abel MATUTES

framkvæmdastjóri

⁽¹⁾ Stjórið. EB nr. L 325, 29. 11. 1988, bls. 55.

VIDAUKI

Stöðluð eyðublöð til skipta á upplýsingum um brot og viðurlög

(Ákvæði 6. gr. tilskipunar ráðsins 88/599/EBE)

1. BROT SEM FLUTNINGAFYRIRTÆKI SEM HAFA EKKI AÐSETUR Í LANDINU HAFA FRAMIÐ OG VIÐURLÖG VIÐ PEIM

RÍKI:

ÁR:

Nafn og heimilisfang fyrirtækisins	Nafn ökumanns	Skráning ökutækis	Dagsetning skýrslunnar	Hvar brotið var framið	Hver skrifandi lögregluskyrluna	Brot á reglugerðum EBE		Viðurlög sem hefur verið eða verður beitt (¹)	Athugasemdir
						3820/85	3821/85		

(¹) Ef engin ákvörðun hefur verið tekin þegar skráin er send

2. AÐGERÐIR /EFTIRMÁL Í UPPRUNARÍKINU GEGN EIGIN RÍKISBORGURUM VEGNA BROTA SEM FRAMIN VORU Í ÖÐRUM AÐILDARRÍKJUM

RÍKI:

ÁR:

Nafn og heimilisfang fyrirtækisins	Nafn ökumanns	Skráning ökuþekis	Málsskjöl móttékin	Hvar og hvenær brotið var framið	Brot á reglugerðum EBE		Viðurlög		Athugasemdir
					3820/85	3821/85	A Í landinu þar sem brotið var framið	B Í upprunalandi hins brotlega	

Sá sem ber ábyrgð á tilkynningunni:

Eftirnafn: Skírnarnafn:

Staða:

Heimilisfang skrifstofu:

Sími:

Dagsetning: Undirskrift: